



# Húnabyggð

## Húnaskóli auglýsir eftir kennurum fyrir skólaárið 2023 - 2024

Húnaskóli er nýr framsækinn skóli í mótun með 180 nemendur í 1. – 10. bekk. Skólinn leitast við að koma til móts við þarfir nemenda sinna á persónulegan og einstaklingsmiðaðan hátt. Lögð er áhersla á teymiskennslu. Gott samstarf er við nærsamfélagið svo sem íþróttafélögin og tónlistarskólann.

### **Kennarastöður**

Staða umsjónarkennara á unglíngastigi, 100% staða til eins árs frá 1. ágúst 2023 til 31. júlí 2024 vegna afleysingar. Kennslugreinar: íslenska, samfélagsfræði og stærðfræði.

Staða sérkennara, 100% staða frá 1. ágúst 2023. Æskilegt er að viðkomandi hafi framhaldsmenntun á sviði sérkennslu og kennslureynslu á því sviði. Mikilvægt er að viðkomandi sé tilbúinn að vinna með fjölbreyttum nemendahópi og kostur ef reynsla af kennslu á mið- og unglíngastigi sé til staðar.

Staða textílmenntakennara, 65% staða (með hugsanlegum möguleika á 100% stöðu með kennslu í öðrum námsgreinum) til eins árs frá 1. ágúst 2023 til 31. júlí 2024 vegna afleysingar.

Staða kennara í hönnun og smíði, 65% staða (með hugsanlegum möguleika á 100% stöðu með kennslu í öðrum námsgreinum) frá 1. ágúst 2023.

Umsækjendur verða að hafa leyfisbréf til kennslu og kennslureynslu í grunnskóla æskileg. Leitað er eftir einstaklingum sem hafa góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og teymiskennslu, samþættingu námsgreina og þemabundin verkefni. Reynsla af samkennslu árganga og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvæg.

**Umsóknum þar sem fram kemur hvaða starf er verið að sækja um skal skilað ásamt kynningarbréfi og ferilskrá í tölvupósti á netfang Þórhöllu Guðbjartsdóttur skólastjóra, [thorhalla@hunaskoli.is](mailto:thorhalla@hunaskoli.is). Umsækjandi þarf að veita leyfi til upplýsingaöflunar úr sakaskrá. Nánari upplýsingar fást hjá skólastjóra í síma 892-4928. Umsóknarfrestur er til 30. maí.**

Umsækjendur mega ekki hafa hlotið refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Umsækjendur mega ekki hafa hlotið refsíðóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Rétt er að vekja athygli

á því að við ráðningu er heimilt að sækja upplýsingar úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur hafi hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, að veittri fræðslu til hans þar að lútandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanevndar sveitarfélaga og KÍ.